SJQVÁögALMENNAR ffrgtmfrlafeife

FÉLAG FÓLKSINS

ININCHESTER

BYSSUR OG SKOTFÆRI

Heildsöludreifing:
I.Guðmundsson, sími: 24020

MIÐVIKUDAGUR 13. SEPTEMBER 1989 VERÐ I LAUSASOLU 90 KR.

Erró á Kjarvalsstöðum

Morgunblaðið/Börkur

Listamaðurinn Erró er kominn til landsins til þess að sýna verk sín á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru tvær syrpur sem hann vann að á síðastliðnum fjórum til fimm árum. Erró hefur verið önnum kaf-inn í kjallara Kjarvalsstaða við að strekkja og ramma inn myndir sínar þá fjóra daga sem hann hefur dvalið hér. „Þegar ég get grafið mig upp úr kjallaran-

um fer ég að hengja upp og svo svara ég því hvern-ig mér líst á íslenska veðrið," sagði hann hressilega er litið var inn til hans í gær. Fjógur ár eru síðan Erró hélt sýningu hérlendis, en hann kom síðast til landsins í laxveiði á fyrra sumri. Qdelscape heitir myndin að baki listamannsins og er híjn í eigu Reykj avíkurborgar.

Búistvið 13-14%

hækkun á kinda-

kjöti fyrir vikulok

Á FUNDI ríkisstjórnarinnar í gær var fjallað um nýtt verð á kinda-kjöti sem ákveðið verður nú í vikunni, en samkvæmt heimildum Morgunblaðsins er gert ráð fyrir að smásöluverð hækki um 13-14%. Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra segir að ríkissljórnin leiti allra leiða til að koma í veg fyrir þessa hækkun, en þó sé ekki á döfinni að setja bráðabirgðalög í því skyni.

Nýtt verð á kindakjöti þarf að
liggja fyrir í lok þessarar viku, þar
sem sauðfjárslátrun er hafin í flest-
um sláturhúsum og nýtt kjöt vænt-
anlegt á markað um næstu helgi.

Samkvæmt upplýsingum Morgun-
blaðsins er talið að óniðurgreitt
heildsöluverð á kindakjöti þurfi að
hækka um 8%, en það þýðir um
13,5% hækkun á smásöluverði mið-
að við óbreyttar niðurgreiðslur að
krónutölu. Sexmannanefnd hefur
ekki gengið formlega frá nýju
grundvallarverði til bænda, en að
sögn Guðmundar Sigþórssonar rit-
ara nefndarinnar er gert ráð fyrir
að það hækki um tæplega 8%. Fjall-
að verður um hækkun á slátur- og

heildsölukostnaði á fundi fimm-
mannanefndar í dag.

• * >

Fyrstu umferð
skákþings lokið
FYRSTA umferð í landsliðsflokki
á skákþingi íslands var tefld í
gærkvöldi. Jón L. Árnason vann
Þröst Árnason og Karl Þorsteins
vann Sigurð Daða Sigflisson.
Þröstur Þórhallsson vann Ágúst
Karlsson, Tómas Björnsson vann
Hannes Hlífar Stefánsson, Björgvin
Jónsson Jón G. Viðarsson og Guð-
mundur Gíslason vann Rúnar Sigur-
pálsson.

Fundur iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra á Egilsstöðum:

Fjárfesting í fyrirhugaðri stóriðju 120-130 milljarðar

Hugsanlegt að reisa hvalstöð á Austurlandi ef hvalastomar verða fullnýttir
Egiisstððum. Frá Steingrími Sigurgeirssyni,

JÓN Sigurðsson iðnaðarráðherra
segir að þau áform um stóriðju
og virkjunarframkvæmdir, sem
nú séu efst á baugi, geti haft í för
með sér 120-130 milljarða króna
fjárfestingu á fimm til tíu árum
og tvöföldun raforkuframleiðslu
landsmanna á sama tíma, úr 4.500
gígawattstundum í 9.000 GWh.
Þetta kom fram á sameiginlegum
fundi iðnaðarráðherra og Hall-
dórs Ásgrímssonar sjávarútvegs-
ráðherra um orku- og atvinnu-
mál, sem haldinn var í Valaskjálf
á Egilsstöðum í gærkvöldi.
Iðnaðarráðherra sagði þau áform,
sem nú væru efst á baugi, fyrst og
fremst vera stækkun álversins í
Straumsvík úr 90.000 tonna árs-
framleiðslugetu í rúmlega 200.000 t
ársframleiðslugetu. Einnig byggingu
nýs álvers með 185-240.000 t árs-
framleiðslugetu. Pjórföldun álfram-
leiðslu myndi hafa í för með sér að
stóriðja yrði næstum því hálfdrætt-
ingur á við sjávarútveginn hvað
gjaldeyrisöflun varðar. Slíkar stór-
iðjuframkvæmdir hefðu í för með sér
nýjar virkjanir, þar á meðal á Þjórs-
ár-Tungnaársvæðinu og í Fljótsdal.
Taldi ráðherra þetta raunhæf áform..
Ráðherra að sérfræðinganefnd á
vegum iðnaðarráðuneytisins, I sam-
ráði við Byggðastofnun og Þjóð-
hagsstofnun, myndi skila í haust at-
hugun á áhrifum stóriðju- og virkjun-
arframkvaemda þessara. Hann sagði
að til samanburðar við hugsanlega
fjárfestingu í þeim mætti nefna að
fjárfesting á heilu ári í atvinnuveg-
um, íbúðarhúsnæði og opinberum
mannvirkjum væri á bilinu 50-60
milljarðar króna. Af 120-130 millj-
arða fjárfestingu yrðu væntanlega

blaðamanni Morgunblaðins.
40% í virkjunum og mætti reikna
með að til hennar yrði aflað erlendra
lána, en gjaldeyristekjur af henni
myndu gott betur en standa undir
endurgreiðslu þeirra.
Halldór Ásgrímsson sjávarútvegs-
ráðherra ræddi meðal annars um

nýja möguleika í sjávarútvegi. Hann
nefndi þar til hýtingu van- eða
ónýttra fiskstofna. Þá mætti koma
til bætt nýting og meðferð sjávar-
fangs. Ráðherrann nefndi einnig nýj-
ar og arðbærari söluaðferðir, svo sem
flug með sjávarafurðir frá Austurl-
andi til meginlands Evrópu og út-

flutning ferskfisks með hraðskipi.
Ráðherra sagði að ef til þess kæmi
að fullnýta hvalastofnana þyrfti að
reisa nýja hvalstöð á Austurlandi.
Ein nægði ekki til. Hann sagðist telja
að yrðu stofnarnir fullnýttir mætti
afla eins milljarðs í tekjur af þeim á
ári.

Bylgjan rift-
ir samningi
við Stjörnuna
EIGENDUR útvarpsstöðvar-
innar Bylgjunnar hafa rift
samningi við eigendur
Stjörnunnar um sameiningu
útvarpsstöðvanna tveggja.
Samningur um sameining-
una var undirritaður fyrir um
hálfu ári, en skuldir Stjörnunn-
ar munu hafa verið mun meiri
en íslenska útvarpsfélagið hf.,
eigandi Bylgjunnar, hafði búist
við. Þar með munu forsendur
sameiningarinnar hafa brostið.
Forráðamenn beggja út-
varpsstöðvanna sátu á fundi
fram yfir miðnætti í gærkvöldi
en engar fregnir bárust af
fundinum.

Samvinnubankinn:

Óskað eftir traustsyfírlýs-ingn frá bankaeftirlitinu

BANKASTJÓRI Samvinnubankans, Geir Magnússon, segir yfirlýsing-
ar Lúðvíks Jósepssonar, bankaráðsmanns í Landsbankanum, um að
Samvinnubankinn sé kominn í þrot, algjörlega óábyrgar og út í
hött. Hefur hann af því tilefhi óskað eftir því við bankaeftirlit ið að
það lýsi því yfir að yfirlýsingar Lúðvíks hafi ekki minnsta grund-
völl. Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlitsins, kvaðst ekki vilja staðfesta að slík beiðni hefði borist en sagðiað verið væri að kanna hvort ummæli, sem sveigt hefðu að fiárhagsstöðu Samvinnu-bankans, væru í andstöðu við lagaákvæði.
Kjartan P. Kjartansson, fram-
kvæmdastjóri fjárhagsdeildar Sam-
bandsins, sendi frá sér yfirlýsingu
í gær, þar sem rakin eru rri.a. til-
drög að því samkomulagi sem
bankaráð Landsbankans samþykkti
á fundi sínum á sunnudag. Þar
kemur fram að Landsbankanum var
boðinn til kaups eignarhluti Sam-
bandsins í Samvinnubankanum
þann 13. mars sl. Eðlilegur áskiln-

aður hefði hins vegar verið gerður
um áframhaldandi viðskipti, sölu-
möguleika annarra hlutafjáreig-
enda og atvinnuöryggi starfs-
manna. Þá segir í yfirlýsingu Kjart-
ans að fest hafi verið handsali að
um trúnaðarviðræður yrði að ræða
og yrði efnið ekki gert opinbert
fyrr en samningur væri undirritað-
ur, að því undanskildu að 828 millj-
óna króna söluverð 52% eignarhluta

Sambandsins pr. 31. desember sl.
skyldi birt, ef bankaráðið og Sam-
bandsstjórn samþykktu kaupverðið
og umræðugrundvöll áskilnaðarat-
riðanna.

Þá segir orðrétt: „Með skírskotun
tii umsamins trúnaðar finnst Sam-
bandinu á sér brotinn réttur, auk
þess sem um lagabrot kann að vera
að ræða varðandi þagnarskyldu
manna í opinberu starfi. Þá vill
Sambandið staðfesta að ummæli
um lánamál þess eru ekki rétt og
því ámælisverðari, sem hlutaðeig-
andi bankaráðsmaður hefur greið-
ari aðgang að upplýsingum innan
sinna eigin vébanda. Auk lánafyrir-
greiðslu Landsbankans sem er tölu-
vert minni en af er látið, hefur
Sambandið ávallt séð lánveitanda

fyrir fullum tryggingum og veðum
og skal fullyrt að þau nema nú
verulegum fjárhæðum umfram lán-
veitingar."
í yfirlýsingu Kjartans segir enn-
fremur að verulega halli réttu máli
varðandi lausafjárstöðu Sambands-
ins og að greiðsluvanhöld þess hjá
Landsbankanum séu 'óveruleg. Loks
segir varðandi samskipti Citibank
og Sambandsins að bankinn hafi
snemma á þessu ári tilkynnt inn-
köllun á öllum lánveitingum undir
svokallaðri „Corporate Finance".
Hefði Sambandið orðið við óskum
um að greiða 185 milljónir enda
væri það í samræmi við viðskipta-
hefðir og að jafnaði ekki talið til-
tökumál.

Sjá nánar í miðopnu.